

Efni:

Tillaga um lækkaðan aldur vegna kosninga í Hverfið mitt

Lagt er til að kosningaaldur fyrir Hverfið mitt verði lækkaður niður í 15 ár í stað 16 ára.

Greinargerð:

Á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 2. október 2017 var lögð fram svohljóðandi bókun, sbr. 2. lið fundargerðar í kjölfar endurskoðunar reglna um rafrænar kosningar fyrir Hverfið mitt 2017:

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð vill horfa til þess að aldurstakmörk í Hverfinu mínu verði færð niður fyrir 16 ár í næstu umferð, árið 2018. Samráð um það upplegg verði haft við skólayfirvöld borgarinnar, SAMFOK og ungmennaráð. Einnig verði horft til þess að hægt verði að leggja fram hugmyndir að rekstrarverkefnum rétt eins og að nýframkvæmdum og viðhaldi.

Í samræmi við ofangreinda bókun er lagt til að kosningaaldur fyrir Hverfið mitt verði lækkaður niður í 15 ár árið 2018 en lagt verði upp með að lækka þann aldur enn frekar á næstu árum.

Við samþykkt á þessari tillögu munu reglur um rafrænar kosningar fyrir verkefnið Hverfið mitt breytast en ákvæði 3. gr. reglnanna segir nú eftirfarandi:

Kjörskrá og kosningaréttur Rétt til þátttöku í kosningunum hafa íbúar sem verða 16 ára á því ári sem kosið er og eru búsettir í Reykjavík á þeim degi sem kosið er. Þjóðskrá Íslands staðfestir hvort kjósandi er búsettur í Reykjavík og á réttum aldri samkvæmt íbúaskrá Þjóðskrár þegar atkvæði er greitt. Inní á Mínum síðum á Ísland.is getur kjósandi skoðað hvernig hann er skráður í Þjóðskrá. Hægt er að auðkenna sig inn á Mínar síður á Ísland.is með kennitölu og Íslykli eða rafrænum skilríkjum með korti eða í síma. Einnig er hægt að skoða þjóðskrárupplýsingar í heimabanka.

Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara yrði falin frekari úrvinnsla á tillögunni.

Reykjavík, [Dags.]

Hjálagt:

Hverfið mitt 2017 – Reglur um rafrænar kosningar, dags. 14. september 2017

DRÖG